

# Fornleifaskráning við Hverfisfljót

---



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

*Forsíðumyndin er af vörðu (SF-096:030) í landi Seljalands, horft er til austurs.*

*Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir*

© 2020

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 551 1033

NETFANG: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

HEIMASÍÐA: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna brúar- og vegagerðar við Hverfisfljót í Fljótshverfi, Vestur-Skaftafellssýslu. Skráningin var unnin fyrir Vegagerðina í október 2020. Úttektarsvæðið er um 2,2 km langt og fylgir að öllu leyti núverandi legu þjóðveggar 1. Tekið var út 50 m breitt belti beggja vegna við miðja veglínu, samtals 100 m breitt svæði. Að auki voru fjögur efnistökusvæði tekin til skoðunar. Skráðar voru tvær minjar á jörðinni Seljalandi en að auki var farið yfir í land jarðanna Hörgsdals, Teygingalækjar, Núpa, Kálfafells og Rauðabergs án þess að nokkrar minjar kæmu þar í ljós á úttektarsvæði.

Lagt var mat á verndargildi minjanna og tillögur settar fram um mögulegar mótvægisáðgerðir. Fyrirséð er að áhrif framkvæmdanna á fornleifar og búsetulandslag verði lítil sem engin.

### *Efnisorð:*

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, deiliskráning, vegagerð, Hverfisfljót, Vestur-Skaftafellssýsla, Skaftárhreppur

## Summary

This report provides the results of a detailed archaeological survey carried out for the Icelandic Road and Coastal Administration in advance of a proposed road and bridge construction over Hverfisfljót river in Skaftárhreppur municipality. The proposed road runs through the property of six farms, near road 1. The area examined was 2,2 km long and 100 m wide.

The fieldwork was undertaken in October 2020. Two archaeological sites were identified, both classified as being at a high risk from the proposed road development. Assessment was made of the preservation value of the archaeology and suggestions made about possible future archaeological work. The proposed road development will have little impact on the archaeology and the cultural landscape.

### *Keywords:*

Institute of Archaeology in Iceland, archaeology, detailed survey, road construction, Hverfisfljót, Vestur-Skaftafellssýsla, Skaftárhreppur



## Efnisyfirlit

1. Inngangur 5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 6
3. Aðferðir við fornleifaskráningu 8
4. Fornleifaskrá 8  
SF-096 Seljaland 9
5. Niðurstöður og samantekt 10  
Heimildir 12  
Viðauki I: Minjakort




## 1. Inngangur

Vegagerðin undirbýr nú gerð nýrrar 74 m langar brúar yfir Hverfisfljót og í tengslum við það þarf að endurbyggja þjóðveg 1, frá brúnni, að Brunná til norðausturs. Uppbygging vegarins á stuttum kafla austan Brunnár telst einnig til framkvæmdarinnar. Á haustdögum 2020 fór fór Vegagerðin þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að hún tæki að sér skráningu fornminja innan áhrifasvæðis umræddra vegaframkvæmda.

Úttektarsvæðið er samtals um 2,2 km langt og 100 m breitt, beggja vegna við þjóðveg 1. Það nær frá Hverfisfljóti til suðvesturs og Brunná til norðausturs. Svæðið sem tekið var út er að mestu gróið hraunlendi innan veghelgunarsvæðis. Framkvæmdin er í Skaftáreldahrauni sem eru jarðminjar sem falla undir 61. grein laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) og njóta sérstakrar verndar. Innan úttektarsvæðis hefur hrauninu þegar verið raskað með ýmis konar mannvirkjagerð og sú framkvæmd sem hér er til umfjöllunar hefur að öllum líkindum óveruleg áhrif á landslag.

Auk vegar- og brúarstæðis voru þrjú efnistökusvæði könnuð. Þau voru öll fjarri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði við Hverfisfljót. Úttektarsvæði vegna vega- og brúargerðar



Kort sem sýnir afmörkun úttektarsvæðis.

nær til jarðanna Teygingalækjar, Seljalands og Núpa á þessu svæði en námurnar eru í landi Rauðbergs, Kálfafells og Hörgsdals.

Vettvangsúttekt var gerð í október 2020. Gengið var skipulega um allt það svæði sem tekið



Núverandi brú yfir Hverfisfljót. Lómagnúpur er í baksýn.

var út, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Skráðar voru tvær minjar, báðar í landi Seljalands. Um vettvangsvinnu, úrvinnslu og skýrslugerð sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af henni en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem eru innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Að beiðni Vegagerðarinnar er að finna tvenns konar nýjungar í skýrslunni. Annars vegar var verndargildi fornleifa innan úttektarsvæðisins metið og fjallað um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um efnið og hins vegar eru í skýrslunni settar fram tillögur um mótvægisáðgerðir og vöktun. Það mat á verndargildi og tillögur að mótvægisáðgerðum sem birtast í skýrslunni eru álit sérfræðinga Fornleifastofnunar en Minjastofnun Íslands mun síðar í ferlinu leggja formlegt mat á þessa þætti og úrskurða í kjölfarið um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir. Aftast eru viðaukar og heimildaskrá.



## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

## Fylgiskjal 1

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til uppgrafter vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SF-096:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkihniti tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: SF-096:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
Sýslutákn	SF-175:009	Sveinshlaða	tóft	hlaða	E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndum er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fersla í heimildaskrá

Hætta sem steðjar að fornleif

Dæmi um skráningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

## Fylgiskjal 1

15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast í hættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan úttektarsvæðis metnir í stórhættu vegna þeirra framkvæmda sem áætlaðar eru á svæðinu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

## 4. Fornleifaskrá

SF-096 Seljaland

### Sögulegar heimildir

1397: Máldagar Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skáholtsbiskupsdæmi." CCXXXVII. Lomagnvpur. ... Jtem lagdi Herra Gydur til kirkiunnar xij ær oc kv fra Jokulfelli oc fra Selialandi xvii ær." DI IV, 199.

1523/1526: "Þyckuabær [gamall maldagi.] ... Dalbær. Fagurhlnd. Þyckuabær. Selialand. Dalur." DI IX, 189.

1847: 12 hdr. Þykkvabæjarklausturseign. JJ, 6.

"Seljaland er víðlend fjallendisjörð vestan Brunnár og austan Hverfisfljóts en þó nær land hennar nokkuð vestur fyrir Hverfisfljót og sunnan til vestur á Eldvatnstanga og niður á Brunasand. Eru jarðirnar Hruni og Teygingalækur byggðar úr landi Seljalands." segir í SB VI, 51.

"Gamlar sagnir eru um það, að Seljaland hafi verið mikið landmeiri jörð en það er nú, og má vel vera, að heimildir finnast fyrir því einhvers staðar. Bærinn stendur í brekkubrún upp frá Skaftáreldahrauni, og virðist sem þar hafi ekki mátt miklu muna, að bærinn færi sömu leið og nágrannabæirnir Eystri- og Ytri-Dalur," segir í örnefnaskrá Seljalands, 1.

### Landkostir

Túnakort 1920: Tún 3,1 ha. Matjurtagarðar 1525 m<sup>2</sup>.

"Undirlendi er mest hraun og sandur og allt annað undirlendi er ræktað en til fjallsins skiptast á grösugar vallendistorfur með mýrasundum á milli. Í Seljalandsheiði og Seljalandshlíðum er gott til beitar." segir í SB VI, 51.

**SF-096:030** varða hlutverk óþekkt

A 562186

N 378293

Grjóthlaðin varða er á austurmörkum úttektarsvæðis, suðaustan við þjóðveg 1. Varðan er á áberandi stakstæðum kletti en ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin. Mögulega var hún notuð sem vegvísir á leið sem nú er horfin á þessum slóðum, eða vísaði á einhvern tiltekinn stað. Fjargötur sjást liggja til suðausturs frá vörðunni og umfang þeirra gæti bent til að þarna hafi verið leið. Hugsanlegt er að frekari rannsóknir á hrauninu beggja vegna þjóðvegarins sem og Seljalandsjörðinni allri gætu leitt í ljós frekari upplýsingar um mögulega leið á þessum slóðum.

Umhverfis er mosavaxið hraun. Varðan er á stakstæðum kletti, í jaðri veghelgunarsvæðis. Svæðið er nokkuð flatt, víða eru steinar og lágir klettur.

Varðan er 1 x 1 m að stærð og 0,8 - 1 m á hæð. Hún er vel hlaðin og grjótið er vaxið mosa og skófum. Ekki sést grjótkragi við botn hennar. Samtals má greina átta umför af haungrýti í vörðunni sem er nokkuð gísín. Kletturinn er hæstur til norðvesturs, hliðar hans eru 2,5 m á hæð þar og brattar. Til norðausturs er hólbarð að klettinum, líklega tilkomið vegna áfoks.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda



Varða 030, horft til austurs.

SF-096:031 varða samgöngubót

A 562659

N 379042

Lítill varða er í jaðri úttektarsvæðis, skammt suðvestan við Brunná. Hún er 32 m suðaustan við þjóðveg 1, við vegslóða sem liggur samhliða honum. Varðan tengist vegslóðanum án efa. Ekki víst að varðan sé



forn en þar sem ekkert er um það vitað með vissu fær hún að njóta vafans og er talin til fornleifa.

Varðan er fast austan við vegarslóða sem er ruddur í gegnum sendið hraun. Víða eru steinar, hraunhólar og klettur. Varðan er um 0,8 x 0,8 m að stærð og 0,3 m á hæð. Hún er hringlaga og mjókkar upp. Hleðslurnar eru ekki vandaðar og engu líkara en grjóti hafi verið hrúgað saman. Þrjú umföer af hraungrýti sjást í vörðunni sem er vaxin mosa og skófum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

Varða 031, horft til ANA.

## 5. Niðurstöður og samantekt

Deiliskráningarsvæðið er að mestu í Fljótshverfi, milli Núpsvatna að norðaustan og Hverfisfljóts að suðvestan. Úttektarsvæðið liggur þvert yfir Skaftáreldahraun og andstæður í náttúrunni á þessum slóðum miklar. Til norðurs eru mikil fjöll og jöklar en bæirnir raðast á grónar grundir neðan þeirra. Einnig eru þar mosavaxin hraun og sandar (sem hafa verið græddir upp á síðustu árum) allt að sjó.<sup>1</sup> Svæðið sem rannsakað var haustið 2020 er nokkuð einsleitt og er að mestu mosavaxið hraunlendi. Þar sem skiptast á grónar lægðir, deiglendi við ár og lítt grónir klettahólar. Efnistökusvæðin sem könnuð voru eru einnig flest í og við árfarvegi. Svæðið er talsvert raskað, m.a. vegna vegagerðar, jarðstrengja og efnistöku.



Landslag innan úttektarsvæðis er mikið raskað líkt og sést á myndinni.

Alls voru skráðar tvær vörður innan úttektarsvæðis. Báðar eru þær skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hættu gæti mögulega stöðjað að fornleifum á framkvæmdatíma verði ekkert að gert. Yfirleitt er þó ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski, enda tilgangur hættumatsins fremur ætlað að beina kastljósinu að því að umræddur minjastaður gæti lent í hættu vegna tiltekinna þátta.

Varða SF-096:030 er um 400 m norðan við Hverfisfljót, austan við Þjóðveg 1. Hún er vel hlaðin og sést víða að. Varða SF-096:031 er tæpum 900 m norðaustar, fast austan við vegslóða sem liggur samhliða Þjóðvegi 1. Hún er minni og að öllum líkindum ekki forn. Hér fyrir neðan verður, að beiðni Vegagerðarinnar, sett fram mat á gildi þessara minjastaða og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það hvort og þá hvaða mótvægisáðgerða líklegt er talið að grípa þurfi til vegna sömu minja.

1 SB VI, 9.

Í laganna skilningi eru allar friðaðar minjar, 100 ára og eldri, friðhelgar, þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðar. Allir minjastaðir hafa því eitthvert gildi enda eru þeir vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum. Eitt af því sem hamlar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu.

Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgið gildismat sem mótast að einhverju leyti af tíðaranda og áhuga þeirra sem það vinna. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum tegundum minja og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar.

Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi minjastaða eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisáðgerðir skulu hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands er þessi misseri unnið að gerð slíkra staðla sem stofnunin hyggst fylgja í mati sem þessu. Byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum sem eru í vinnslu. Við mat á gildi minjastaða er hér horft til ýmissa þátta s.s. ástands og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Gildi minjastaða er samkvæmt þessu skipt í fjóra flokka:

- a) **Mjög mikið gildi:** Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minjum eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa sérstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.
- b) **Mikið gildi:** Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft mikið staðbundið minjagildi.
- c) **Nokkurt gildi:** Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.
- d) **Lítið gildi:** Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa.

Hér er gerð tilraun til að leggja mat á gildi minjastaða sem skráðir voru á áhrifasvæði við Hverfisfljót, með áðurgreindum fyrirvörum. Minjastofnun Íslands mun úrskurða hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um hvort og þá til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Um báðar fornleifarnar sem skráðar voru við úttekt á áhrifasvæði Hverfisfljóts gildir að líklega sé hægt að komast hjá raski á þeim með því að merkja þær vel á framkvæmdartíma. Varða SF-096:030 telst hafa *nokkurt gildi* enda er hún fornleg, vel hlaðin og sést víða að. Varða SF-096:031 er talin hafa *lítið gildi* enda er hún óvönduð og kann að



## Fylgiskjal 1

vera nýleg, hugsanlega gerð í tengslum við vegslóða sem liggur fast suðaustan við Þjóðveg 1, suðvestan við Brunná. Husanlegt er að farið verði fram á að vörðurnar verði merktar á framkvæmdatímanum til að koma í veg fyrir að þær verði skemmdar af vangá en ólíklegt er að krafist verði annarra aðgerða.

Þrjú efnistökusvæði voru skoðuð í tengslum við framkvæmdirnar. Svæðin eru í landi jarðanna Kálfafells, Rauðabergs og Hörgsdals. Þau eru gróflega afmörkuð enda fyrirséð að afmörkunin kunni að breytast eftir því sem framkvæmdum miðar áfram. Engar fornleifar voru þekktar innan námanna áður en vettvangsvinna hófst.

### *Djúpárnáma*

Fyrirhugað er að taka efni á grónum og ógrónum áreyrum Djúpár, í landi Kálfafells. Náman er sunnan við Þjóðveg 1, í úthaga jarðarinnar. Efni hefur áður verið tekið úr námunni en lítil umerki þess sjást á yfirborði. Efnistökusvæðið var stækkað til suðurs eftir að vettvangsvinnu lauk en á vettvangi hafði verið farið um það svæði og því náði úttektin einnig til stækkaðs svæðis. Engar minjar fundust innan úttektarsvæðis.



Flatir ármelar einkenna landslag Djúpárnámu. Horft er til suðausturs á myndinni.

### *Rauðabergsnáma*

Rauðabergsnáma er í landi Rauðabergs, nærri landamerkjum við Núpsstað. Hún er um 1 km sunnan við Þjóðveg 1 í úthaga jarðarinnar. Náman er í jaðri gamals hrauns en sendið deiglendi er skammt austar. Náman hefur verið nýtt áður og er nú þegar um 2 - 4 m djúp. Engar minjar fundust á svæðinu.

## Fylgiskjal 1



Rauðabergsnáma sést vel og mikil ummerki um efnistöku eru þar sjáanleg. Horft er til vesturs á myndinni.

### *Hörugsárnáma*

Náman er á ógrónum áreyrum Hörugsár, nærri landamerkjum við Múlakot. Náman er vestan við þjóðveg, í úthaga jarðarinnar. Hún er í notkun og engar minjar fundust á svæðinu.



Hörugsárnáma er í notkun og ummerki efnistöku eru þar sjáanleg. Horft er til norðvesturs á myndinni.

## Fylgiskjal 1

Niðurstaða úttekta á námusvæðum í tengslum við framkvæmdir við Hverfisfljót er sú að engar fornleifar fundust á vettvangi.

## Heimildir

DI: Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn. I-XV. 1857-1972. Kaupmannahöfn/ Reykjavík.

Johnsen, J. 1847. Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn.

Sunnlenskar byggðir IV. Skaftárþing. 1985. Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands.

Örnefnaskrá Seljalands. Án átals. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

### *Heimildamenn:*

Guðlaug Marta Ásgeirsdóttir, Hörgsdalur.

Snorri Björnsson, Seljaland.

Pórhallur Helgason, Núpar.

Stefán Björgvinsson, Rauðaberg.

## Viðauki I: Minjakort

